

Samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna

Alþingi

Erindi nr. Þ 115 / 550

komudagur 25 12 1992

GREINARGERÐ

um frumvarp til breytinga á gildandi námslánakerfi

8. janúar 1992

EFNISYFIRLIT

1.0 INNGANGUR.....	1
2.0 VINNUBRÖGD NEFNDARINNAR.....	2
3.0 ATHUGASEMDIR VEGNA EINSTAKRA BREYTINGA.....	4
3.1 Námslán beri 3% vexti.....	4
3.2 Stytting greiðslufrests í eitt ár.....	4
3.3 Stytting lánstíma.....	5
3.4 Lánshæfni sérnáms sem ekki er á háskólastigi verði bundin við 20 ára aldur.....	5
3.5 Felld verði niður öll ákvæði um námsstyrki.....	6
3.6 Felld verði niður ákvæði laga varðandi lífeyrissjóðsgreiðslur.....	6
3.7 Heimilt verði að innheimta lántökugjöld til þess að greiða reksturskostnað.....	6
3.8 Ábyrgðarmenn skuli vera tveir skuli herða kröfur til þeirra.....	6
3.9 Skuldabréf sameinuð jafnóðum í eitt sem síðan sé greitt eftir.....	7
3.10 Námsaðstoð verði aldrei greidd út fyrr en sýnt hefur verið fram á námsárangur.....	7
3.11 Stjórn sjóðsins hafi heimild til að veita almenn skuldabréfalán.....	7
4.0 AUKIÐ VALDAFRAMSAL TIL STJÓRNAR LÍN.....	8
5.0 NIÐURSTÖÐUR.....	10

1.0 INNGANGUR

Þau lög sem voru sett um LÍN 1982 voru góð lög. Að þeim var vel unnið í samvinnu fulltrúa allra flokka og námsmanna. Þar var komist að sameiginlegri niðurstöðu. Því miður voru ekki sömu vinnubrögð viðhöfð nú. Það heyrir til tíðinda að námsmenn sjálfir leggi til breytingar á lögum um LÍN, því þau hafa reynst námsmönnum vel. Ástæða þess að það er gert, engu að síður, er að námsmenn gera sér grein fyrir vandanum og vilja bregðast við honum með það fyrir augum að treysta stöðu sjóðsins.

Það er alveg ljóst að þær tillögur sem koma fram í séráliti námsmanna þýða hærra ríkisframlag til LÍN á ári en tillögur nefndarmeirihlutans. Þær miða að því að taka á þeim vanda LÍN sem snýr að þeim námsmönnum sem í dag eru að taka lán og munu gera það í framtíðinni. Þeim er ekki ætlað að leysa heildarvanda LÍN.

Það er ekki sanngjarnt að ætla námsmönnum framtíðarinnar einum að borga uppsafnaðan vanda fortíðarinnar. Auðvitað má segja að það sé líka hluti vandans hve miklu fleiri njóta aðstoðar en áður en slíkt tengist því auðvitað beint þeirri gleðilegu þróun að sífellt fleiri leita sér menntunar.

Þau drög að frumvarpi sem námsmannahreyfingarnar lögðu fram eru ekki fullkomin. Helstu breytingarnar í þeim frá núgildandi lögum er að finna í kaflanum um endurgreiðslur þar sem lagt er til að þeim verði breytt til hagsbóta fyrir sjóðinn. Þarna er verið að tryggja hraðari endurgreiðslur til sjóðsins en um leið gæta þess að greiðslubyrði verði ekki óhófleg. Hér er ekki um endanlega útfærslu að ræða, námsmenn eru tilbúnir til að ræða þessa hluti áfram sé það tryggt að vinnubrögðin verði með skikkanlegum hætti.

Sú leið sem fulltrúar ríkisstjórnarinnar leggja til að farin verði og kemur fram í frumvarpi til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna felur í sér gjörbyltingu á þeim aðstæðum sem íslensku menntafólki verða búnar í framtíðinni.

Hér í kaflanum á eftir verður deilt á þau vinnubrögð sem viðhöfð voru í nefnd menntamálaráðherra sem rekja má beint til óðagots af hálfu ráðherra og aðstoðarmanns hans. Þar næst er fjallað um þau atriði sem að áliti meirihluta nefndar menntamálaráðherra fela í sér helstu breytingar frá núgildandi lögum um námslán og námsstyrki. Þau eru rakin í þeirri röð sem þau eru sett fram í greinargerð með frumvarpi meirihluta nefndarinnar og jafnframt koma fram athugasemdir námsmannahreyfinganna við einstök atriði. Fjórhú kafli þessarar greinargerðar fjallar hins vegar um það stórauðna valdaframsal til handa stjórnar Lánasjóðsins sem felst í tóðu lagafrumvarpi. Breytingar, frá núverandi fyrirkomulagi, hvað það atriði snerta eru þar raktar ásamt athugasemdum námsmannahreyfinganna. Í lokin eru síðan teknar saman helstu niðurstöður þessarar umfjöllunar.

2.0 VINNUBRÖGÐ NEFNDARINNAR

Þann 8. nóvember síðastliðinn bárust þau skilaboð til Samstarfsnefndar námsmannahreyfinganna að henni yrði veittur einn fulltrúi í nefnd sem menntamálaráðherra skipaði til að vinna að endurskoðun laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN). Með þessari skipan litu námsmenn svo á að ætlunin væri að komast að einhvers konar samkomulagi um framtíðarskipan LÍN líkt og gert var 1982 þegar núgildandi lög um sjóðinn voru sett. Ráðherra hafði sagt það opinberlega að fullt tillit yrði tekið til sjónarmiða námsmanna og námsmenn höfðu lagt fram hugmyndir sem umræðugrundvöll en samkvæmt þeim mátti lækka ríkisframlagið til sjóðsins umtalsvert og minnka afföll þau sem eru á endurgreiðslum. Námsmannahreyfingarnar álitu því að út frá þeim hugmyndum yrði unnið í nefndinni auk þeirra hugmynda sem nefnd sem menntamálaráðherra skipaði í sumar um sama mál yrðu í umræðunni.

Það er skemmst frá því að segja að vinnubrögðin sem viðhöfð voru í nefndinni voru með algerum eindæmum. Ráðherra menntamála gaf nefndinni 9-10 daga til að hrísta fram úr erminni frumvarp til laga um LÍN. Hér á eftir verður þess freistað að gera grein fyrir "störfum" nefndarinnar.

Fyrsti fundur var haldinn föstudaginn 15. nóvember. Á þeim fundi, sem var stuttur, voru lagðar fram til kynningar hugmyndir Samstarfsnefndar námsmannahreyfinganna um breytingar á gildandi námslánakerfi og tillögur Vöku í málefnum LÍN. Síðan var fundi slitið.

Annar fundur var haldinn mánudaginn 18. nóvember. Þar kastaði formaður nefndarinnar fram hugmyndum sem voru mikið ræddar og sýndist sitt hverjum. Þessar hugmyndir eru grunnurinn að því frumvarpi sem meirihluti nefndarinnar stendur að.

Þriðji fundur var haldinn föstudaginn 22. nóvember. Þá brá svo við að einn nefndarmanna, Sigurbjörn Magnússon, mætti til fundarins með frumvarp til laga um námslán í farteskinu. Nefndin sem slík hafði aldrei falið nefndum Sigurbirni slíka heimavinnu og a.m.k. undirritaður kom þar hvergi nærri. Ákveðið var að gefa nefndarmönnum tækifæri til að koma með athugasemdir á næsta fundi.

Fjórdi fundur var haldinn sunnudaginn 24. nóvember. Þar settu nefndarmenn fram gagnrýni sína á frumvarp Sigurbjörns.

Fimmti og síðasti fundur var svo haldinn mánudaginn 25. nóvember. Þar voru lögð fram drög að frumvarpi en endanleg útgáfa var þó ekki tilbúin þrátt fyrir að til stæði að leggja frumvarpið fyrir ríkisstjórn daginn eftir.

Þessi hefur sem sagt verið gangur málsins síðan nefndin var skipuð. Námsmannahreyfingarnar fóru ítrekað fram á að nefndin fengi lengri tíma, en að sögn formanns var ráðherra ekki tilbúinn til að veita hann.

Vegna þessa reyndi aldrei á það hvort hægt hefði verið að ná málamiðlun innan nefndarinnar þannig að hún hefði getað sameinast um eitt álit. Eiginlegar samningaviðræður fóru ekki fram. Hér er þó ekki verið að setja út á nefndarmenn heldur þann pólitíska æðibunugang sem ráðherra og aðstoðarmaður hans hafa sýnt í málinu.

Það meirihlutaálit sem nú liggur fyrir endurspeglar aðeins það markmið sem ráðherra setti sínum fulltrúum í nefndinni; nefnilega að ná ríkisframlagi til LÍN niður í ákveðna upphæð. Því markmiði hlutu þeir að vinna að en það er auðvitað alltaf á endanum pólitísk ákvörðun hve hátt ríkisframlagið hverju sinni er. Það hve skammur tími nefndinni var ætlaður kom meðal annars í veg fyrir að hægt væri að samræma hugmyndir námsmanna annars vegar og ríkisstjórnarinnar hins vegar.

3.0 ATHUGASEMDIR VEGNA EINSTAKRA BREYTINGA

Þær breytingar sem felast í þessu frumvarpi sem nefnd menntamálaráðherra skilaði af sér eru margar og veigamiklar. Þær munu ef þær ná fram að ganga gjörbylta öllum aðstæðum sem íslenskir námsmenn hafa hingað til búið við. Hér á eftir fylgja helstu athugasemdir námsmannahreyfinganna við þessar breytingar í þeirri röð sem þær koma fyrir í greinargerðinni með fyrrnefndu lagafrumvarpi.

3.1 Námslán beri 3% vexti

Samkvæmt núverandi námslánakerfi bera námslán ekki vexti en eru verðtryggð. Verðtrygging lánanna stuðlar að því að námsmenn greiða jafnvirði þeirrar upphæðar til baka og þeir fengu áður að láni. Öðru máli gegnir um vexti. Vextir eru í eðli sínu leigugjald til komið vegna þess að lánveitandi gerir kröfur til arðsemi þess fjármagns sem hann lætur af hendi til lántaka.

Hér er ekki deilt á þá kröfu ríkisvaldsins að það geri vissar kröfur til arðsemi þess fjármagns sem varið er til námsaðstoðar. Sú krafa getur ekki talist annað en eðlileg. Reyndin er hins vegar sú að hin sanna arðsemi þess fjármagns sem sett er í námsaðstoð mun seint endurspeglast í ársreikningum LÍN heldur skilar þessi arðsemi sér beint út í íslenskt samfélag, því til eflingar í nútíð og framtíð. Ekki má gleyma því að námslán eru lán sem ætluð eru til framfærslu námsmanna. Um slík framfærslulán hljóta að gilda aðrar grundvallarforsendur en um lán sem ætluð eru til fjárfestinga. Þó má segja að í vissum skilningi megi telja námslán fjárfestingarlán þar sem verið er að fjárfesta í menntun og þekkingu. Sú fjárfesting skilar hins vegar ekki síður arði til samfélagsins en einstaklingsins.

Allar hugmyndir um vexti á námslán fela í sér grundvallarstefnubreytingu frá þeim viðhorfum sem hingað til hafa gilt um námsaðstoð. Stefnubreytingu sem námsmannahreyfingarnar lýsa sig alfarið á móti.

3.2 Stytting greiðslufrests í eitt ár

Sá tími sem núverandi námslánakerfi gerir ráð fyrir að líði frá námslokum fram að því að endurgreiðslur hefjast er þrjú ár. Ástæðum þess má skipta í tvennt þó í raun sé í báðum tilfellum um að ræða greinar af sama meiddi.

Í fyrsta lagi býður það flestra námsmanna þegar námi lýkur að þeir þurfa að koma sér þaki yfir höfuðið. Greiðslubyrði vegna fjárfestinga sem húsnæðis kaup útheimta er alltaf mest fyrstu árin eftir að ráðist er í kaupin. Ef greiðslufrestur á námslánum er stytur úr þremur árum niður í eitt girðir það fyrir möguleika til húsnæðis kaupa þar til greiðslum af námslánum er lokið. Þá situr fólk eftir með það, á miðjum aldri, að eiga eftir að koma sér upp þaki yfir höfuðið.

Í öðru lagi tekur tíma að koma sér fyrir á vinnumarkaði eftir að námi líkur. Sá tími sem það tekur er vitanlega mjög misjafn og er hann að mestu háður aðstæðum á

vinnumarkaði hverju sinni, varðandi framboð og eftirspurn eftir menntuðu fólki. Einnig er það staðreynd að í flestum tilfellum byrja menn á lágum launum fyrst eftir að nánni líkur en með tímanum fara laun svo stighækkandi.

Af framansögðu má ljóst vera að það er ógæfuspor að stytta greiðslufrest námslána niður í eitt ár þar sem slík framkvæmd er á skjön við raunveruleika á vinnumarkaði og þann raunveruleika sem núverandi húsbrefakerfi býður fólki. Afleiðingar þeirrar aðgerðar gætu þ.a.l. orðið mjög afdrifaríkar fyrir mikinn þorra fólks er það lýkur námi.

3.3 Stytting lánstíma

Það kemur svolítið spánskt fyrir sjónir að settar séu reglur um lengd lánstíma, samhliða því sem tekjutengt þak er sett á endurgreiðslurnar. Þetta þýðir það í raun að slík viðmiðun vegur alltaf til lækkunar greiðslubyrði þannig að þeir sem hafa mjög háar tekjur og hafa ekki þurft á lánum að halda nema í stuttan tíma eru langt frá því að greiða það hlutfall sem tekjutengda þakið gerir ráð fyrir.

Við getum tekið dæmi af manni sem er í 5 ára laganámi. Hann á góða að og skuldar að loknu námi eina milljón króna. (Það þýðir fyrir einstakling í leiguhúsnæði u.þ.b. 5 annir á lánum) Þessa einu milljón á hann samkvæmt frumvarpinu að greiða á 20 árum. Fjórföldum námstíma. Hann greiðir því 50 þús. kr. á ári plús vexti. Ef þessi maður hefur 200 þús. kr. á mánuði eða 2,4 milljónir í árslaun er hér um að ræða rúm 2% af árstekjum í tuttugu ár. Þetta hlutfall lækkar síðan eftir því sem tekjurnar hækka. Samkvæmt nügildandi kerfi myndi maður þessi greiða 3,75% af tekjum til LÍN og klára að borga lánið upp á miklu styttri tíma á styttri tíma.

Það er mjög erfitt að sjá réttlæti í því að þeir tekjuháa greiði lægra hlutfall af sínum tekjum í afborganir af námslánum en þeir tekjulágu. Þarna er gengið í þveröfuga átt við hugmyndir námsmanna.

3.4 Lánshæfni sérnáms sem ekki er á háskólastigi verði bundin við 20 ára aldur.

Þessi tillaga kemur mjög á óvart vegna orða menntamálaráðherra um að hlúa þyrfti sérstaklega að stuttu starfstengdu námi, frekar en að hvetja nemendur enn frekar en orðið er til langskólanáms.

Þegar reynt er að meta hvaða áhrif þessi tillaga gæti haft er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir samsetningu þess hóps viðskiptavina LÍN sem eru undir tuttugu ára aldri. Meirihluti þessa hóps leggur stund á iðnnám. Hér er því reynt að beina ungu fólki frekar inn á bóknáms- en verknámsbrautir.

Sú ákvörðun sem tekin var á áttunda áratugnum að gera iðnnám lánshæft kom til ekki síst vegna þrýstings frá atvinnulífinu. Þær forsendur hafa ekkert breyst.

Það verður einnig að teljast athyglisverður fyrirvari sem nefndin setur um 20 ára aldurstakmarkið, þ.e. viðmiðun við stúdentsprófsaldur. Með þessari athugasemd

kemur skýrt í ljós að nefndin virðist fyrst og fremst sjá námslánakerfið í beinum tengslum við nám að loknu stúdentsprófi.

Námsmenn hafna því að iðn- og verknám sé á þennan hátt sett á annan stall en bóknám, nær væri að standa vörð um og efla iðn- og verkmenntun á Íslandi.

3.5 Felld verði niður öll ákvæði um námsstyrki en gert ráð fyrir að Vísindasjóður verði efldur til þess að veita námsstyrki.

Þessi tillaga kemur mjög á óvart í ljósi þess að hún kallar á breyttar úthlutunarreglur Vísindasjóðs, en þar hefur ekki verið um auðugan garð að gresja fyrir námsfólk. Af gefnu tilefni á benda á það að í frumvarpi til fjárlaga er ekkert sem bendir til þess að auknu fjármagni verði varið í Vísindasjóð honum til eflingar, eins og þessi grein gerir ráð fyrir. Hér er þar af leiðandi verið að girða fyrir alla styrki til námsfólks og hafa þeir ekki verið háir hingað til, í samanburði við það sem þekkist í þeim löndum sem íslendingar hafa helst viljað bera sig saman við.

3.6 Felld verði niður ákvæði 3. gr. laga um LÍN varðandi lífeyrissjóðsgreiðslur.

Þessi grein er m.a. miðuð við gamla húsnæðiskerfið þar sem láns hæfni samkvæmt því var bundin greiðslum í lífeyrissjóð yfir tiltekið tímabil. Þessi forsenda er ekki lengur til staðar en engu að síður snertir málið almenn lífeyrisréttindi námsmanna sem mörg hver eru ekki í boði í hinum frjálsu lífeyrissjóðum.

3.7 Sjóðnum verði heimilt að innheimta lántökugjöld til þess að greiða reksturskostnað.

Námsmannahreyfingarnar hafna alfarið hugmyndum um lántökugjöld, en telja hins vegar ekki óeðilegt að innheimta gjald vegna kostnaðar við útsendingu greiðsluseðla. Hér er á ferðinni hugmynd sem hefur þann tilgang að velja kostnaði við rekstur sjóðsins yfir á námsmenn. Kostnaðarálagi í formi lántökugjalds má líkja við vexti á lánin. Afstaða námsmanna til vaxta er komin fram.

3.8 Ábyrgðarmenn á skuldabréfum skuli vera tveir og skuli herða kröfur til þeirra.

Það er ljóst að út frá þeim hugmyndum sem koma fram í skýrslunni er verið að tala um tvöfalda þá greiðslubyrði sem nú er á námslánunum. Námsmönnum er það því til efs að auðvelt verði að fá aðstandendur til að ábyrgjast greiðslur sem sýnt er að verði svo miklar. Hins vegar má benda á að hlutur eins og að ábyrgðarmaður skuli ekki vera á vanskilaskrá banka er svo sjálfsagður að furðu sætir að sá háttur skuli ekki hafður á nú þegar.

3.9 Skuldabréf verði sameinuð jafnóðum í eitt skuldabréf sem síðan sé greitt eftir.

Hér er fyrst og fremst um hagræðingaratriði að ræða sem kemur lánþegum til góða ekki síður en LÍN. Þó má það aldrei vera svo að þetta leiði til þess að skuldabréf sem gefin eru út og eru með ólíkum kjörum, hvað varðar t.d. endurgreiðslureglur og kjör, séu sameinuð.

3.10 Námsaðstoð verði aldrei greidd út fyrr en sýnt hefur verið fram á námsárangur.

Hér er á ferðinni svo fráleit hugmynd að furðu sætir. Nái hún fram að ganga þýðir hún í raun ekkert annað en u.þ.b. 10% flata skerðingu á námslánnum. Ástæða þess er sú að þetta fyrirkomulag gæfi námsmönnum þann kost einan að leita á náðir almennra lánastofnana með fyrirgreiðslu þar til lán fæst frá LÍN. Þann kost búa fyrsta árs nemar við í dag og lætur nærri að kostnaður við fjármögnun af þessu tagi yfir eitt misseri sé um 10% af lánsupphæð, þegar allur kostnaður er talinn.

Því er einnig vert í sambandi við þessa breytingu að velta fyrir sér því sem meirihluti nefndar menntamálaráðherra segir í greinargerð með frumvarpinu. Þar segir að styrkur ríkisins eftir breytingarnar felist meðal annars í vaxtaleysi lánanna á námstímanum. Mótsögnin í þessu tvennu er augljós og niðurstaðan er sú að það virðist síður en svo vera ætlun meirihluta nefndarmanna að standa við það sem í greinargerðinni segir. Lausnir þeirra felast allar í að velta vandanum yfir á námsmenn og hér með þeim afleiðingum að lánin skerðast í raun um 10%. Þetta hlutfall rennur til bankakerfisins í formi vaxta og annars kostnaðar, en ef af breytingunni verður þýðir það í raun að allt fjármagn til námsaðstoðar fer fyrst í gegnum bankakerfið og síðan í gegnum LÍN. Einnig er ljóst að þessi breyting breytir ekki neinu fyrir LÍN, öðru en því að möguleiki gefst á því að velta vandanum tímabundið á undan sér sem er ekki til þess fallið að leysa vanda.

3.11 Stjórn sjóðsins hafi heimild til að veita almenn skuldabréfalán.

Námsmannahreyfingarnar telja það ekki vera hlutverk LÍN að veita lán með markaðsvöxtum.

4.0 AUKIÐ VALDAFRAMSAÐ TIL STJÓRNAR LÍN

Það sem er hvað athyglisverðast í samanburði núgildandi laga um námslán og námsstyrki og þess frumvarps sem hér er til umfjöllunar er það stóráukna vald sem stjórn Lánasjóðsins er færð í hendur samkvæmt frumvarpinu. Hér er því um að ræða valdaframsal ýmissa atriða sem ýmist eru lögbundin samkvæmt núgildandi lögum eða háð reglugerðarvaldi ráðherra.

Í ljósi fenginnar reynslu og þess aukna óstöðugleika sem breytingar sem þessar munu vísast hafa í för með sér, verður ekki hjá því komist að tíunda í hverju þetta valdaframsal felst. Þessi útlístaun fer hér á eftir með vísan í þær greinar frumvarpsins sem kveða á um einstök atriði, ásamt athugasemdum námsmannahreyfingunna þar um.

Sbr. 2. grein

Samkvæmt greininni er stjórn heimilt að lána til annars náms en þess sem tiltekið er í 1. grein. Stjórnin er hinsvegar ekki skylduð til þess að neinu leyti. Þetta er veigamikil breyting frá núgildandi lögum, þar sem segir að "nemendur tiltekinna skóla eða einstakir árgangar þeirra skuli njóta námsaðstoðar samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Hér er því verið að auka enn frekar á óöryggi þess fólks sem leggur stund á sérnám sem ekki telst á háskólastigi, hvort heldur er á Íslandi eða erlendis. Þetta er gert þvert gegn þeirri kröfu námsmannahreyfinganna að réttur nema í sérnámi fái sambærilega viðurkenningu og gildir varðandi nemendur í skólum á háskólastigi.

Sbr. 3. grein

Sjóðsstjórn er falið það vald að ákveða til hvaða þátta beri að taka tillit þegar framfærsla námsmanns er ákvörðuð. Stjórninni er þannig í sjálfsvald sett að hvaða leyti hún tekur tillit til þátta s.s. fjölskyldustærðar, tekna, lengdar árlegs námstíma o.s. frv., eða hvort yfir höfuð skuli taka tillit til þessara þátta.

Hér um algjört grundvallaratriði að ræða varðandi hlutverk Lánasjóðsins sem félagslegur jöfnunarsjóður er tryggja á fólki jafnan rétt til náms. Námsmannahreyfingarnar leggja á það ofuráherslu að þeir þættir sem taka á tillit til við ákvörðun framfærslu verði skilgreindir í lögum og telja með öllu ófært að stjórn sjóðsins fari með þetta vald á hverjum tíma samkvæmt eigin geðþótta.

Sbr. 6. grein

Stjórn sjóðsins er í þessari grein falið að ákvarða hvaða skilyrðum lántakendur og ábyrgðarmenn skuli fullnægja svo viðunandi teljist.

Samkvæmt gildandi lögum nægir að einn aðili taki á sig sjálfskuldarábyrgð lánsins en í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir tveimur

sjálfskuldarábyrgðarmönnum. Námsmannahreyfingarnar vara mjög við þessari breytingu, þar sem ljóst má vera að ef frumvarp þetta verður að lögum þá hefur slík grundvallarbreyting átt sér stað varðandi kjör og endurgreiðslur lánanna, að stór hópur námsmanna mun eiga erfitt með að afla sér tveggja ábyrgðarmanna.

Ekki eru nein ákvæði í núgildandi lögum eða reglugerð um skilyrði sem lántakendur þurfi að fullnægja önnur en þau að vera í láns hæfu námi. Því hljóta námsmannahreyfingarnar að setja vissan fyrirvara varðandi ákvörðunarvald stjórnar á skilyrðum lántakenda þar sem óljóst er hvað við er átt og ekki verður séð þörfin fyrir að tiltaka nánar þau skilyrði sem um þetta fjalla og koma fram annars staðar í frumvarpinu.

Einnig deila námsmannahreyfingarnar á það sem fram kemur í frumvarpinu um vald stjórnar til ákvörðunar lántökugjalds.

Sbr. 13. grein

Stjórn sjóðsins er falið vald til ákvörðunar varðandi lánsrétt erlendra ríkisborgara sem leggja stund á nám á Íslandi. Þetta vald var áður á hendi ráðherra.

Sbr. 16. grein

Í þessari grein er nú heimildarákvæði til handa ráðherra um setningu reglugerðar varðandi nánari útfærslu laganna. Í núgildandi lögum er þetta ákvæði skilyrt. Eins og fram kemur í greinargerðinni með frumvarpinu er markmiðið með þeim m. a. að minnka þörf fyrir setningu reglugerðar og auka í stað vald sjóðsstjórnar frá því sem nú er. (Sbr. einnig 4. tl. 5. gr. frumv.)

Námsmannahreyfingarnar lýsa sig alfarið á móti þessari breytingu þar sem reynslan sýnir að þetta gæti leitt af sér aukinn hringlandahátt og þar með enn meiri óstöðugleika á kjörum námsmanna. Námsmannahreyfingarnar telja að hér sé stefnan sett í kolöfuga átt og í stað þess að stuðla að auknum stöðugleika með væntanlegri lagasetningu sé boðið heim stórhættu á hringlandahætti og auknum óstöðugleika.

Einnig er sjóðsstjórninni falið það vald sem ráðherra hafði áður um að heimilt sé, samkvæmt óskum hagsmunasamtaka námsmanna, að draga félagsgjöld frá láni námsmanns. Þó er vert að veita athygli því atriði athygli að í frumvarpinu er sett það skilyrði fyrir þessu að óskir um frádrátt félagsgjalda komi fram á lánsúmsókn frá námsmanni. Ekki verður séð að með þessari breytingu vaki annað fyrir þeim sem að frumvarpinu standa en að ganga af þeim hagsmunasamtökum námsmanna dauðum sem hingað til hafa haft megintekjur sínar af þessum félagsgjöldum.

5.0 NIÐURSTÖÐUR

Námsmannahreyfingarnar eru andvíggar flestum þeim hugmyndum um breytingar á gildandi námslánakerfi sem umrætt frumvarp til laga um LÍN felur í sér.

Samkvæmt frumvarpinu er endurgreiðsluhlutfall rúmlega tvöfaldað og greiðslubyrði þar með hækkuð langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Samhliða því er sá tími sem líða má frá námslokum þar til endurgreiðslur eiga að hefjast, stytur úr þremur árum í eitt. Þetta gerir það að verkum að ungu fólki er gert það ókleift að standa í fjárhagslegum skuldbindingum meðan á endurgreiðslu námslána stendur. Þetta er hvað greinilegast þegar greiðslubyrðin er skoðuð í samhengi við hústréttakerfið.

Stjórn sjóðsins eru fengin upp í hendurnar völd sem eru miklu meiri en þau eru í dag. Augljós afleiðing þessa er aukinn óvissa námsmanna um sín kjör og óstöðugleiki til lengri tíma lítið. Sem dæmi væri stjórn sjóðsins heimilt skv. frumvarpinu að líta algjörlega framhjá öllu félagslegu tilliti við ákvörðun á framfærslu námsmanns og úthluta þar með öllum námsmönnum sömu lánsupphæð burtséð frá aðstæðum.

Einnig er athyglisvert að velta fyrir sér þeirri áherslu sem nefndarmenn leggja á að LÍN fái að veita almenn skuldabréfalán. Sú áhersla verður ekki skýrð með öðru en því að einhverjum hlutum kerfisins, eins og það er í dag, er ætlað að heyra undir slík lánakjör.

Alveg er horft fram hjá gildi menntunar fyrir þjóðfélagið í þessu frumvarpi. Lítið er á Lánasjóðinn sem hverja aðra peningastofnun og þess krafist að hún skili bókhaldslegum gróða. Þetta á að gera með vaxtatöku, lántökugjöldum og fleiru. Það er sjálfsagt að ríkið geri kröfu til arðsemi fjár. Hins vegar er fleira auður en peningar og hér er gengið framhjá þeirri staðreynd.

Námsmannahreyfingarnar munu áfram vinna í að koma sínum hugmyndum á framfæri í umræðunni. Það er von okkar og trú að á okkur verði hlustað og að fulltrúar ríkisvaldsins séu tilbúnir til að ræða við námsmenn um framtíð LÍN.

Einungis þannig má vænta þess að sátt náist um sjóðinn.

Starfsgrein: Hjúkrunarfræðingur					
Einstaklingur í leiguhúsnæði					
Arslán: 432.000					
Heildarlán: 1.728.000					
Námstími: 4 Ár					
Vextir 3%					
Lífdur	Meðaltekju	Afborgun	vextir	Afb. höfuð	Höfuðst. í lok árs
21	161.600				
22	161.600				
23	161.600				
24	161.600				1.728.000
25	161.600	0	51.840	0	1.779.840
26	921.200	36.848	53.395	-16.547	1.796.387
27	842.400	33.696	53.892	-20.196	1.816.583
28	817.600	32.704	54.497	-21.793	1.838.376
29	849.900	33.996	55.151	-21.155	1.859.532
30	847.100	33.884	55.786	-21.902	1.881.434
31	863.800	69.104	56.443	12.661	1.868.773
32	859.100	68.728	56.063	12.665	1.856.108
33	877.900	70.232	55.683	14.549	1.841.559
34	866.100	69.288	55.247	14.041	1.827.518
35	847.800	67.824	54.826	12.998	1.814.519
36	854.300	68.344	54.436	13.908	1.800.611
37	905.100	72.408	54.018	18.390	1.782.221
38	969.400	77.552	53.467	24.085	1.758.136
39	1.013.900	81.112	52.744	28.368	1.729.768
40	972.300	77.784	51.893	25.891	1.703.877
41	930.600	74.448	51.116	23.332	1.680.545
42	919.500	73.560	50.416	23.144	1.657.402
43	950.000	76.000	49.722	26.278	1.631.124
44	980.500	78.440	48.934	29.506	1.601.617
45	980.500	78.440	48.049	30.391	1.571.226
46	980.500	78.440	47.137	31.303	1.539.923
47	963.200	77.056	46.198	30.858	1.509.064
48	954.500	76.360	45.272	31.088	1.477.976
49	954.500	76.360	44.339	32.021	1.445.956
50	954.500	76.360	43.379	32.981	1.412.974
51	954.500	76.360	42.389	33.971	1.379.003
52	954.500	76.360	41.370	34.990	1.344.013
53	954.500	76.360	40.320	36.040	1.307.974
54	954.500	76.360	39.239	37.121	1.270.853
55	954.500	76.360	38.126	38.234	1.232.619
56	954.500	76.360	36.979	39.381	1.193.237
57	954.500	76.360	35.797	40.563	1.152.674
58	954.500	76.360	34.580	41.780	1.110.895
59	954.500	76.360	33.327	43.033	1.067.861
60	954.500	76.360	32.036	44.324	1.023.537
61	954.500	76.360	30.706	45.654	977.883
62	954.500	76.360	29.337	47.023	930.860
63	954.500	76.360	27.926	48.434	882.426
64	954.500	76.360	26.473	49.887	832.538
65	954.500	76.360	24.976	51.384	781.155
66	954.500	76.360	23.435	52.925	728.229
67	954.500	76.360	21.847	54.513	673.716

Starfsgrein: Hjúkrunarfræðingur					
Einstætt foreldri m. eitt barn					
Árslán: 648.000					
Heildarlán: 2.592.000					
Námstími: 4 Ár					
Vextir 3%					
Lífaldur	Meðallaun	Afborgun	vextir	Afb. höfuð	Höfuðst. í lok árs
21	161.600				
22	161.600				
23	161.600				
24	161.600				2.592.000
25	161.600	0	77.760	0	2.669.760
26	921.200	36.848	80.093	-43.245	2.713.005
27	842.400	33.696	81.390	-47.694	2.760.699
28	817.600	32.704	82.821	-50.117	2.810.816
29	849.900	33.996	84.324	-50.328	2.861.144
30	847.100	33.884	85.834	-51.950	2.913.095
31	863.800	69.104	87.393	-18.289	2.931.384
32	859.100	68.728	87.942	-19.214	2.950.597
33	877.900	70.232	88.518	-18.286	2.968.883
34	866.100	69.288	89.066	-19.778	2.988.661
35	847.800	67.824	89.660	-21.836	3.010.497
36	854.300	68.344	90.315	-21.971	3.032.468
37	905.100	72.408	90.974	-18.566	3.051.034
38	969.400	77.552	91.531	-13.979	3.065.013
39	1.013.900	81.112	91.950	-10.838	3.075.852
40	972.300	77.784	92.276	-14.492	3.090.343
41	930.600	74.448	92.710	-18.262	3.108.606
42	919.500	73.560	93.258	-19.698	3.128.304
43	950.000	76.000	93.849	-17.849	3.146.153
44	980.500	78.440	94.385	-15.945	3.162.097
45	980.500	78.440	94.863	-16.423	3.178.520
46	980.500	78.440	95.356	-16.916	3.195.436
47	963.200	77.056	95.863	-18.807	3.214.243
48	954.500	76.360	96.427	-20.067	3.234.310
49	954.500	76.360	97.029	-20.669	3.254.980
50	954.500	76.360	97.649	-21.289	3.276.269
51	954.500	76.360	98.288	-21.928	3.298.197
52	954.500	76.360	98.946	-22.586	3.320.783
53	954.500	76.360	99.623	-23.263	3.344.046
54	954.500	76.360	100.321	-23.961	3.368.008
55	954.500	76.360	101.040	-24.680	3.392.688
56	954.500	76.360	101.781	-25.421	3.418.109
57	954.500	76.360	102.543	-26.183	3.444.292
58	954.500	76.360	103.329	-26.969	3.471.261
59	954.500	76.360	104.138	-27.778	3.499.039
60	954.500	76.360	104.971	-28.611	3.527.650
61	954.500	76.360	105.829	-29.469	3.557.119
62	954.500	76.360	106.714	-30.354	3.587.473
63	954.500	76.360	107.624	-31.264	3.618.737
64	954.500	76.360	108.562	-32.202	3.650.939
65	954.500	76.360	109.528	-33.168	3.684.107
66	954.500	76.360	110.523	-34.163	3.718.271
67	954.500	76.360	111.548	-35.188	3.753.459

Starfsgrein: Hjúkrunarfræðingur					
Einstætt foreldri m. tvö börn					
Árslán: 864.000					
Heildarlán:3.456.000		3456000			
Námstími: 4 Ár					
Vextir 3%					
Lífaldur		Afborgun	vextir	Afb. höfuð	Höfuðst. í lok árs
21	161.600				
22	161.600				
23	161.600				
24	161.600				3.456.000
25	161.600	0	103.680	0	3.559.680
26	921.200	36.848	106.790	-69.942	3.629.622
27	842.400	33.696	108.889	-75.193	3.704.815
28	817.600	32.704	111.144	-78.440	3.783.256
29	849.900	33.996	113.498	-79.502	3.862.757
30	847.100	33.884	115.883	-81.999	3.944.756
31	863.800	69.104	118.343	-49.239	3.993.995
32	859.100	68.728	119.820	-51.092	4.045.086
33	877.900	70.232	121.353	-51.121	4.096.207
34	866.100	69.288	122.886	-53.598	4.149.805
35	847.800	67.824	124.494	-56.670	4.206.475
36	854.300	68.344	126.194	-57.850	4.264.326
37	905.100	72.408	127.930	-55.522	4.319.847
38	969.400	77.552	129.595	-52.043	4.371.891
39	1.013.900	81.112	131.157	-50.045	4.421.936
40	972.300	77.784	132.658	-54.874	4.476.810
41	930.600	74.448	134.304	-59.856	4.536.666
42	919.500	73.560	136.100	-62.540	4.599.206
43	950.000	76.000	137.976	-61.976	4.661.182
44	980.500	78.440	139.835	-61.395	4.722.578
45	980.500	78.440	141.677	-63.237	4.785.815
46	980.500	78.440	143.574	-65.134	4.850.949
47	963.200	77.056	145.528	-68.472	4.919.422
48	954.500	76.360	147.583	-71.223	4.990.644
49	954.500	76.360	149.719	-73.359	5.064.004
50	954.500	76.360	151.920	-75.560	5.139.564
51	954.500	76.360	154.187	-77.827	5.217.391
52	954.500	76.360	156.522	-80.162	5.297.553
53	954.500	76.360	158.927	-82.567	5.380.119
54	954.500	76.360	161.404	-85.044	5.465.163
55	954.500	76.360	163.955	-87.595	5.552.758
56	954.500	76.360	166.583	-90.223	5.642.980
57	954.500	76.360	169.289	-92.929	5.735.910
58	954.500	76.360	172.077	-95.717	5.831.627
59	954.500	76.360	174.949	-98.589	5.930.216
60	954.500	76.360	177.906	-101.546	6.031.762
61	954.500	76.360	180.953	-104.593	6.136.355
62	954.500	76.360	184.091	-107.731	6.244.086
63	954.500	76.360	187.323	-110.963	6.355.048
64	954.500	76.360	190.651	-114.291	6.469.340
65	954.500	76.360	194.080	-117.720	6.587.060
66	954.500	76.360	197.612	-121.252	6.708.312
67	954.500	76.360	201.249	-124.889	6.833.201

Hjúkrunarfræðingur, einst. foreldri m. 1 barn

